

Mál nr. 314/2009
M og
Vátryggingafélagið V-1 v A og
Vátryggingafélagið V-2 v. ábyrgðartryggingar T

Auglýsingaskilti á söluturni fauk á bifreið í Vestmannaeyjum þ.13.3.2009.

Gögn.

1. Málskot móttekið þ. 10.9.2009 ásamt fylgiskjölum 1-3
2. Bréf V-2 dags. 14.5. og 24.9.2009 ásamt fylgiskjölum 1-3
3. Bréf V-1 dagsþ 2.10.2009.

Málsatvik.

A var lagt austan við söluturninn T þegar auglýsingaskilti fauk af söluturninum og á bifreiðinni og olli skemmdum. M sem er eigandi A krefst bóta vegna þess tjóns sem varð á A. V-2 hafnar bótaskyldu og telur að tjónið verði ekki rakið til saknæmrar háttesmi eiganda eða starfsmanna T. Þá bendir V-2 á að ákveðið gosdrykkjafyrirtæki eigi skiltið og því beri eigandi eða starfsmenn T ekki ábyrgð á því. Þá bendir V-2 á að M hafi ekki sýnt fram á að uppsetningu eða viðhaldi skiltisins hafi verið ábótavant. Þá bendir V-2 á að mikið óveður hafi verið þann dag sem skiltið fauk og ekki hafi verið sýnt fram á að skiltið hafi verið fest með öðrum hætti en venjulega tíðkast.

Álit.

Skilti það sem var fest á söluturninn T var á ábyrgð húseiganda og honum bar að ganga úr skugga um að það væri nægjanlega vel fest og gengið frá því með viðunandi hætti. Ekki hefur verið sýnt fram á það af hálfu T eða vátryggingafélags hans að festingar og viðhald festinga skiltisins hafi verið með fullnægjandi hætti. Þegar af þeim ástæðum ber T ábyrgð á tjóni M og á M því rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu T hjá V-2.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu T hjá V-2.

Reykjavík 20.10. 2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.